

6. bekkur

Íslenska

Kennarar:

- 📖 Erla Þorsteinsdóttir
- 📖 Stefanía Helga Björnsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Sex stundir á viku

Markmið:

Talað mál og hlustun:

Nemandi:

- 📖 geti tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og stærri hópum og hlusta á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og af bandi

Lestur og bókmenntir:

Nemandi:

- 📖 nái góðum leshraða og geti lesið af öryggi og með viðunandi skilningi almenna texta.
- 📖 geri sér grein fyrir hugtökunum aðal- og aukapersónur, umhverfi, boðskapur, ljóðstafir, persóna, söguhetja og ljóðstafir

Málfræði:

Nemandi:

- 📖 þekki orðflokkana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð
- 📖 geti sambeygt algeng nafnorð og lýsingarorð, læri að fallbeygja mannanöfn
- 📖 geri sér grein fyrir stigbreytingu og kynbeygingu lýsingarorða
- 📖 átti sig á muninum á nútíð og þátíð sagna og geti breytt tíð frásagna
- 📖 þekki mun samnafna og sérnafna
- 📖 þekki kyn orða
- 📖 geti búið til samsett orð af öryggi
- 📖 vinni með stofn orða
- 📖 átti sig á hvaða orðmynd er, uppflertimynd fallorðs og geti nýtt sér það við notkun orðabóka

Ritun:

Nemandi:

- 📖 geti gert útdrætti, munnlega og skriflega, úr því sem hann hefur lesið og lært vísur og ljóð til söngs og annars flutnings.
- 📖 læri að nota helstu stafsetningarreglur í ritun, t.d. n- og nn-reglunni, ng- og nk-reglunni og um i, í og y, ý.

Kennslutilhögun:

- 📖 innlögn og umræður
- 📖 einstaklingsvinna
- 📖 para- og hópavinna
- 📖 þemavinna
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð

📖 PALS lestraraðferð

Námsefni:

- 📖 Mál er miðill, grunnbók og vinnubók
- 📖 Ljóðspor
- 📖 Benjamín dúfa
- 📖 ýmis verkefni útbúin af kennara
- 📖 Skrift
- 📖 Málrækt 3, Skræða, Skrudda

Námsmat:

📖 málfraeði (nafnorð, lýsingarorð og fornöfn)	20%
📖 bókmenntir	10%
📖 ljóð	10%
📖 stafsetning	10%
📖 skrift	10%
📖 annarpróf	20%
📖 námshegðun	20%

Stærðfræði

Kennari:

- 📖 Sigríður Magnúsdóttir
- 📖 Vilborg Reynisdóttir

Fjöldi kennslustunda

Six kennslustundir á viku

Markmið:

Stærðfræði og tungumál

Nemandi á að:

- 📖 fást við verkefni um fjölgun og fækkun, hækkun og lækkun
- 📖 nota dagatal og rita dagsetningar með algengum rithætti

Lausnir verkefna og þrauta

Nemandi á að:

- 📖 leita nýrra spurninga þegar lausn er fundin og hefja athuganir á skyldum viðfangsefnum
- 📖 glíma við verkefni sem gera kröfur til frumkvæðis og hugkvæmni

Röksamhengi og röksemdafærslur

Nemandi á að:

- 📖 raða rökkubbum upp eftir eiginleikum

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

Nemandi á að:

- 📖 breyta km í m, m í dm og cm, cm í mm og l í ml
- 📖 kynnist skiptingu hringsins í 360

Tölur

Nemandi á að:

- 📖 þekkja hvenær tvö almenn brot eru jöfn
- 📖 raða tugabrotum eftir stærð
- 📖 kynnast fyrstu 6-8 frumtölunum
- 📖 breyta tugabrotum með tveimur aukastöfum í almenn brot

- ☐ breyti einföldum brotum eins og $1/4$, $1/3$ og $3/4$ í tugabrot

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

Nemandi á að:

- ☐ margfalda og deila í tugabrot með einum aukastaf
- ☐ leggja saman samnefnd almenn brot og kynnast samlagningu mjög einfaldrá ósamnefndra brota út frá myndrænni framsetningu
- ☐ gera sér grein fyrir að margföldun og deiling með 100 jafngilda færslu um tvö sæti í tugakerfi

Hlutföll og prósentur

Nemandi á að:

- ☐ finna tiltekinn hluta af heild í eðlilegu samhengi
- ☐ breyta prósentum í almenn brot

Mynstur og algebra

Nemandi á að:

- ☐ vinna að athugunum á reglum um ummál, flatarmál og rúmmál einfaldrá hluta
- ☐ finna tölu sem x stendur fyrir í jöfnu, t.d. í $2 \cdot x + 3 = 11$

Rúmfræði

Nemandi á að:

- ☐ mæla rúmmál í ml
- ☐ vinna með hornasummu þríhyrnings

Tölfræði og líkindafræði

Nemandi á að:

- ☐ finna meðaltal og miðgildi
- ☐ noti mismunandi verpla, s.s. peninga og teninga,

Kennslutilhögun:

- ☐ bein kennsla
- ☐ hópverkefni
- ☐ þrautalausnir
- ☐ sýnikennsla
- ☐ umræður
- ☐ verkefnavinna
- ☐ sjálfstæð vinnubrögð
- ☐ tilraunir

Námsefni:

- ☐ Geisli 2 grunnbók,
- ☐ Geisli 2A vinnubók
- ☐ Geisli 2B vinnubók
- ☐ Stjörnuþætur (Venur, Mars, Júpíter, Satúrnus)
- ☐ Geisli þemahefti (Hve stórt er stórt, Sund, Reiknitækni)
- ☐ Hringur 1 (Samlagning og frádráttur, margföldun og deiling, brot)
- ☐ Hringur 2 (Reikniaðgerðir, Brot, Algebra)
- ☐ ýmis verkefnablöð
- ☐ kennsluforrit í tölvum

Námsmat:

Haustönn

- ☐ Þekkingarhluti: 80%
 - kaflapróf 60 %

○ annarpróf	20%	
📖 Námshegðun:		20%
○ vinnusemi	5%	
○ vinnubrögð	5%	
○ námsundirbúningur	5%	
○ virðing	5%	
<u>Vorönn</u>		
📖 Þekkingarhluti:		80%
○ kaflapróf	60%	
○ annarpróf	20%	
📖 Námshegðun:		20%
○ vinnusemi	5%	
○ vinnubrögð	5%	
○ námsundirbúningur	5%	
○ virðing	5%	

Enska

Kennarar:

📖 Hrafnhildur Hilmarsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Þrjár stundir á viku

Markmið:

Hlustun:

Nemandi:

- 📖 skilji það sem fram fer í tali kennara og samnemenda
- 📖 skilji meginþráð í stuttri sögu

Lestur:

Nemandi:

- 📖 geti lesið sér til gagns og gamans stuttar bækur og skilji aðalatriði í texta sem tengist áhugamálum og daglegu lífi
- 📖 geti fundið afmarkaðar upplýsingar í texta

Talað mál:

Nemandi:

- 📖 geti tekið þátt í einföldum samskiptum og sagt frá sjálfum sér.

Ritun:

Nemandi:

- 📖 geti skrifað einfaldan texta um ákveðið efni og frá eigin brjósti.
- 📖 Þjálfist í einföldustu grunnþáttum málfræðinnar og geti nýtt sér það í ritun.

Kennslutilhögun:

- 📖 innlögn og umræður
- 📖 einstaklingsvinna
- 📖 para- og hópavinna
- 📖 þemavinna

Námsefni:

- 📖 Build up 1, Enskar málfræðiaefingar A og B

- 📖 ýmis verkefni útbúin af kennara (lesskilningsverkefni)
- 📖 léttlestrarbækur t.d. Marco
- 📖 enn meiri enska með gátum og skrýtlum, Hickory, Dickory, Dock, Portfolio Topic Books
- 📖 kennsluforrit í tölvum og ýmis verkefni á veraldarvefnum (skólavefnum)

Námsmat:

Haustönn:

- 📖 Þekkingarhluti: kaflapróf, málfræði, glósupróf, lokapróf 90%
- 📖 Námshegðun: 10%

Vorönn:

- 📖 Þekkingarhluti: kaflapróf, málfræði, glósupróf, lokapróf 90%
- 📖 Námshegðun: 10%

Náttúrufræði

Nafn kennara:

- 📖 Elínborg Herbertsdóttir
- 📖 María Sigurðardóttir

Fjöldi kennslustunda:

Þrjár kennslustundir á viku

Markmið:

Nemandi:

- 📖 þekki mismunandi kraft og notkun í daglegu lífi.
- 📖 þekki hljóðmyndun og mismunandi birtingamynd hennar.
- 📖 þekki muninn á ferð og hraða og þekki einfaldar vélar.
- 📖 þekki sólkerfið okkar.
- 📖 þekki til veðurkorta og skilji tilgang þeirra.
- 📖 þekki hlutverk lofthjúpsins og mikilvægi hans.
- 📖 þekki einkenni jarðvegsins í nánasta umhverfi.
- 📖 þekki helstu atriði í þróunarsögu lífs á jörðinni.
- 📖 þekki mannlíkamann og breytingar á honum frá vöggu til grafar.
- 📖 þekki myndun jarðar.

Kennslutilhögun:

- 📖 umræður
- 📖 vettvangsferðir
- 📖 rannsóknir
- 📖 tilraunir
- 📖 verkefnavinna
- 📖 fyrirlestrar
- 📖 hópavinna
- 📖 upplýsingaöflun

Námsefni:

- 📖 Maðurinn, hugur og heilsa
- 📖 Auðvitað 1 kafli 5 og 3, og Auðvitað 2

Ítarefni:

📖 ýmis ljósrit

Námsmat

Haustönn:

📖 námshegðun	10%
📖 jarðfræðiverkefni	30%
📖 haustpróf	30%
📖 tilraunir og skýrslur	20%
📖 kaflapróf Auðvitað 1 og 2	10%

Vorönn:

📖 námshegðun	10%
📖 kaflapróf úr Maðurinn, hugur og heilsa	20%
📖 lokapróf úr Maðurinn, hugur og heilsa	30%
📖 vinnubók, Maðurinn, hugur og heilsa	5%
📖 leiðarbók, Maðurinn, hugur og heilsa	5%
📖 kaflapróf úr Auðvitað 2	10%
📖 lokapróf úr Auðvitað 2	20%

Samfélagsfræði

Kennarar:

Stefanía Helga Björnsdóttir

Fjöldi kennslustunda:

Þrjár stund á viku

Markmið:

Landafræði:

Kort, myndir og landafræði Norðurlanda

Nemandi á að:

- 📖 kynna sér landslagi, náttúrufari, auðlindum og loftslagi Norðurlandanna auk ríkjandi hafstrauma og um mótun ísaldarjökulsins
- 📖 átti sig á hvað er líkt og hvað ólíkt í atvinulífi, búsetu, lífsháttum og lífsskilyrðum fólks á Norðurlöndum
- 📖 þekkja helstu menningareinkenni Norðurlandabúa eins og tungumál, trúarbrögð, líf skjör, mennta- félags- og atvinnumál
- 📖 kynna sér hvernig framleiðsla íbúanna og neysla þeirra hefur áhrif á náttúruna og hvað íbúar Norðurlandanna hafa gert til að ráða bót á því sem miður hefur farið í umhverfinu
- 📖 kynna sér á hvaða samstarf Norðurlandabjóðanna og í hverju það felst

Saga:

Íslenskur miðaldahöfðingi, miðaldamannlíf á Íslandi, svipmyndir, þversnið, heimsálfur tengjast og rýni

Nemandi á að:

- 📖 kynnast nokkrum atriðum í lífshlaupi Snorra einkum fóstri hans í æsku, konunum í lífi hans (eiginkonur, frillur, dætur). ríkidæmi, stjórn málaafskiprum, ritstörfum og sambandi hans við konungshirðina í Noregi
- 📖 kynnast því hvaða hlutverki ættir og blóðhefnir gegndu í samfélaginu

- ☞ komist að því hvað helst var selt úr landi af framleiðsluvörum og hvaða breytingar urðu á útflutningsgreinum á tímabilinu
- ☞ læra hvernig landinu var skipt í fjórðunga og goðroð, hvernig Alþingi kom til sögunnar og hvernig lögum var skipað í landinu og kynnist hefðbundinni sögu af kristnitöku á Alþingi
- ☞ velti fyrir sér möguleikum einstaklinga af ýmsum stigum til að faga áhrif á tilveru sína t.d. þræla til að öðlast frelsi, kotunga til að fá að lifa í friði, kvenna til að beita sér í hjónabandi, barna til að lifa og leika sér

Kennslutilhögun:

- ☞ bókleg kennsla
- ☞ verkefnavinna bæði í einstaklings og hópavinnu og kynningar á þeim
- ☞ umræður
- ☞ sjálfstæð vinnubrögð
- ☞ vettvangsferð í Reykholt

Námsefni:

- ☞ Norðurlönd eftir Kristínu Snæland.
- ☞ Snorra saga eftir Þórarinn Eldjárn

Námsmat:

- | | |
|---------------------|-----|
| ☞ annarpróf | 40% |
| ☞ kaflapróf | 10% |
| ☞ vinnubækur | 30% |
| ☞ vinnusemi | 5% |
| ☞ vinnubrögð | 5% |
| ☞ námsundirbúningur | 5% |
| ☞ virðing | 5% |

Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Kennarar:

- ☞ Hrafnhildur Hilmarsdóttir
- ☞ Sigrún Birta Viðarsdóttir

Fjöldi kennslustunda:

Ein stund á viku

Markmið:

Nemandi

- ☞ kynnist mismunandi afstöðu kristinna, gyðinga og múslima til Jesú
- ☞ fræðist um uppruna og sögu íslams
- ☞ fræðist um sameiginlegan guð múslima og kristinna og mismunandi tilbeiðsluaðferðir.
- ☞ fræðist um Múhameð spámann og það samfélag sem hann kom úr
- ☞ kynnist völdum þáttum íslams, svo sem mosku, helgistöðum, táknum, hátíðum og siðum
- ☞ kynnist Kóraninum, helgiriti múslima, og völdum textum þar úr
- ☞ þekki guðsmynd og trúariðkun múslima, m.a. stoðirnar fimm
- ☞ fái tækifæri til að ræða mismun á trú og vísindum í tengslum við sköpunarsögu Biblíunnar.

- 📖 kynnist dómara- og konungatímabilinu í sögu Ísraelsþjóðar þar til ríkið klofnar, speki Salomóns og sálum Davíðs.
- 📖 komist í kynni við jólaguðspjall Jóhannesar.
- 📖 fræðist um heiðinn uppruna jólanna og sögur um baráttu ljóss og myrkurs í því samhengi og kristnu
- 📖 kynnist notkun dæmisaga í siðferðilegum og trúarlegum tilgangi, t.d. eftir Jesú og Esóp
- 📖 þekki atburði páskadags og hina kristnu upprisutru
- 📖 kynnist sögum Biblíunnar um Salomón, Davíð, og Sál
- 📖 fáist við efni tengt sáttfýsi og fyrirgefningu og gildi þessa, bæði trúarlega og í samskiptum manna á milli
- 📖 temji sér virðingu fyrir ólíkum trúarbrögðum og öðlist skilning á margbreytileika þeirra
- 📖 þjálfist í að ræða siðferðileg gildi og álitamál sem lúta að réttlæti, mannréttindum og jafnrétti

Kennslutilhögun:

- 📖 bein kennsla
- 📖 umræður
- 📖 verkefnavinna
- 📖 tjáning og sköpun

Námsefni:

- 📖 Íslam – að lúta vilja guðs
- 📖 Kristin trú - fagnaðarerindið
- 📖 fræðslumyndir
- 📖 ýmis verkefni frá kennara

Námsmat:

- | | |
|-----------------|-----|
| 📖 kannanir | 20% |
| 📖 verkefnamappa | 50% |
| 📖 hópverkefni | 10% |
| 📖 námshegðun | 20% |

Lífsleikni

Kennarar:

- 📖 Katrín Jóna Ólafsdóttir
- 📖 Vilborg Reynisdóttir

Fjöldi kennslustunda

Ein stund á viku

Markmið:

Að nemandi:

- 📖 gera sér grein fyrir mikilvægi jákvæðrar hegðunar og samskipta
- 📖 hafa lært að nýta sér fjölbreytilegar aðferðir í samskiptum til að geta
- 📖 sýnt sanngirni
- 📖 sýnt réttlæti og kurteisi
- 📖 leyst ágreining á farsælan hátt

- 📖 staðist neikvæðan þrýsting frá jafningjum og gagnvart áróðri umhverfisins
- 📖 getað tileinkað sér virðingu, ábyrgð, virkni og ánægju

Kennslutilhögun:

- 📖 samlestur
- 📖 leikræn tjáning
- 📖 umræður
- 📖 verkefnavinna
- 📖 æfing í PBS

Námsefni:

- 📖 Ég er bara ég
- 📖 PBS Handbók Holtaskóla

Námsmat:

- vinnusemi
 - vinnubrögð
 - námsundirbúningur
 - virðing
- 📖 Að vori fá nemendur vitnisburðinn „lokið“ sem staðfestir lágmarksviðmið um þátttöku

Hönnun og smíði

Kennarar:

- 📖 Elinborg Sigurjónsdóttir

Fjöldi kennslustunda:

Tvær stundir á viku

Markmið:

Að nemandinn

- 📖 hafi tekist á við verkefni sem krefst vandvirkni og þolinmæði
- 📖 hafi náð tókum á því að ganga vel um vinnusvæði sitt
- 📖 geti notað mismundandi gerðir festinga, s.s. nagla og skrúfur
- 📖 hafi náð góðum tókum á notkun sandpappírs
- 📖 hafi skilning á gildi endurvinnslu og temji sér að nýta vel það efni sem unnið er með
- 📖 fari eftir öryggisreglum og skilji hvers vegna slíkt er mikilvægt
- 📖 sýni frumkvæði, vinnusemi og vandvirkni

Kennslutilhögun:

- 📖 sýnikennsla
- 📖 verkefnavinna
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð
- 📖 námsefni:
- 📖 verkefni útbúin af kennara og eftir hugmyndum nemenda.

Námsmat:

- 📖 Þekkingarhluti: 70%
 - verkefni

📖 Námshegðun:	30%
○ virðing	10%
○ virkni	10%
○ vinnusemi	10%

Textílmennt

Kennari:

📖 Erla Dröfn Vilbergsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Tvær stundir á viku

Markmið:

Nemandi:

- 📖 búi til einfalt pappírssnið af nytjahlut
- 📖 öðlist færni í að sníða úr textílefni eftir eigin pappírssniði og mæla fyrir saumförum
- 📖 læri að spóla og þræða tvinna á saumavél
- 📖 skreyti nytjahlut með hjálp saumavélar
- 📖 noti skriflegar leiðbeiningar og handbækur
- 📖 sýni fram á skipulögð og vönduð vinnubrögð
- 📖 noti hugtök og heiti greinarinnar
- 📖 sýni fram á sjálfstæði í lita- og efnisvali við eigin sköpunarverk

Kennslutilhögun:

- 📖 sýnikennsla
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- 📖 verkefni útbúin af kennara og eftir hugmyndum nemenda

Námsmat:

📖 Þekkingarhluti:	70%
○ verkefni	
📖 Námshegðun:	30%
○ vinnusemi 10%	
○ vinnubrögð 10%	
○ virðing 10%	

Heimilisfræði

Kennarar:

- 📖 Ástríður Lilja Guðjónsdóttir
- 📖 Hólmfríður Guðmundsdóttir.

Fjöldi kennslustunda

Þrjár stundir á viku hálfan vetur

Markmið:

Að nemandi:

Næring og hollusta

- kynnist orkueiningum fæðunnar (he., kcal og kJ)
- kynnist orkuefnum fæðunnar og læri um hlutverk þeirra í líkamanum
- leiti uppi orkurík og orkusnauð matvæli í næringarefnatöflu
- geri sér grein fyrir því að neysluvenjur hafa áhrif á heilsuna

Matreiðsla og vinnubrögð

- tileinki sér að velja og nota rétt áhöld við matreiðslustörf
- þjálfist í að stækka og minnka uppskriftir
- þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir uppskriftum
- taki þátt í að matreiða þjóðlegan íslenskan mat
- tileinki sér einfalda vinnutækni í matreiðslu við að hreinsa, flysja, skera, brytja, saxa og sjóða

Matvælafræði

- rifji upp þekkingu sína á fæðuflokkunum og vinni sérstaklega með kjöt-, fisk- og eggjaflokk
- öðlist færni í að meta útlit og gæði matvæla sem unnið er með (kjöt, fiskur, egg)
- kanni hvaða næringarefni eru í þeim matvælum sem unnið er með
- kanni næringargildi lýsis
- kynnist og bragði á þjóðlegum íslenskum mat (saltfiski, plockfiski, kjötsúpu)

Hreinlæti

- geri sér grein fyrir því hvers vegna persónulegt hreinlæti er mikilvægt
- hafi fengið tækifæri til að taka þátt í að fegra og hreinsa umhverfið
- fái þjálfun í að lesa úr fatamerkingum og flokka þvott
- læri að þrifa kæliskáp og eldavél
- hafi öðlast færni í að þvo upp samkvæmt hreinlætiskröfum
- geti lagt gagnrýnið mat á eigin frágang í eldhúsi

Neytendafraedi og umhverfisvernd

- læri að meta eigin neyslu með tilliti til vasapeninga
- kynnist skipulögðum innkaupum með hliðsjón af magni, verði og gæðum
- fái þjálfun í að gera verðsamanburð á tilbúnum og heimagerðum mat (pítsa, samlokur)
- tileinki sér jákvætt viðhorf til umhverfisverndar
- temji sér að velja umhverfisvænar vörur og nota þær skynsamlega
- læri hvaða sorp má endurnýta

Aðrir þættir

- geri sér grein fyrir helstu orsökum slysa á heimilum og viti hvernig koma má í veg fyrir þau
- tileinki sér kurteisi og tillitssemi við borðhald og bragði á þeim fæðutegundum sem á boðstólum eru
- fái þjálfun í samskiptum og í að virða ólík sjónarmið

Kennslutilhögun:

- nemendur leysa verkefni í vinnubók og vinna saman eftir skriflegum uppskriftum
- nemendur halda umhverfi sínu hreinu
- áhersla er lögð á samvinnu

Námsefni:

📖 Gott og gagnlegt 2, heimilisfræði fyrir 6 bekk, auk vinnubókar.

Ítarefni:

📖 Ljósrit frá kennurum, myndbönd.

Námsmat:

- | | |
|-------------------|-----|
| 📖 Þekkingarhluti: | |
| ○ vinnubók | 35% |
| ○ verkleg færni | 35% |
| 📖 Námshegðun: | |
| ○ vinnusemi | 10% |
| ○ vinnubrögð | 10% |
| ○ virðing | 10% |

Myndmennt

Kennarar:

- 📖 Gunnar Andrésson
- 📖 Hildur Bára Hjartardóttir

Fjöldi kennslustunda:

Þrjár stundir á viku hálfan veturinn

Markmið:

Nemandi

- 📖 kunningu skissugerð og öðlist skilning á mikilvægi hennar sem eðlilegs hluta af vinnuferli
- 📖 geti sýnt fram á að stærðarhlutföll, skörun og litir hafi rýmisskapandi áhrif
- 📖 blandi saman ólíkum efnum og noti margvíslega tækni í sömu mynd, svokallaða blandaða tækni
- 📖 viti að sólarljós og veðurfar hefur áhrif á liti umhverfisins
- 📖 geti beitt litum til að fá fram áhrif í mynd
- 📖 geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum og geri sér grein fyrir verðmæti þeirra
- 📖 viti að litir hafa mismunandi þýðingu í lífi mannsins, bæði hvað varðar áhrif þeirra á tilfinningar og merkingu þeirra, t.d. sem tákn götuvatans, á vatnskrananum, í kirkjunni o.s.frv.
- 📖 skoði mynddæmi um verk unnin í anda impressjónisma og geti lýst einkennum hans
- 📖 skoði mynddæmi um verk unnin í anda expressjónisma og geti lýst einkennum hans
- 📖 kanni mismunandi útfærslu impressjónista á ljósi og áhrifum þess, t.d. á yfirborð hluta, liti og litameðferð

Kennslutilhögun:

- 📖 sýnikennsla
- 📖 verkefnavinna
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð
- 📖 útkennsla
- 📖 vettvangs- og safnaferðir.

Námsefni:

- 📖 Myndmennt I og II
- 📖 kennsluefni í tölvum og á veraldarvefnum
- 📖 bækur af bókasafni

Námsmat:

- 📖 Þekkingarhluti: 70%
 - verkefni
- 📖 Námshegðun: 30%
 - virðing 10%
 - virkni 10%
 - vinnusemi 10%

Tónmennt

Kennari:

- 📖 Styrmir Barkarson

Fjöldi kennslustunda:

Ein kennslustund á viku

Markmið:

- 📖 að opna hug og hjarta nemenda fyrir tónlistinni og veita þeim það öryggi í söng og hljóðfæraleik sem gerir þeim kleift að njóta og iðka tónlist upp á eigin spýtur
- 📖 að nemendur þjálfist í leik á hrynhljóðfæri
- 📖 að nemendur þjálfist í leik á tréspil og klukkuspil
- 📖 að nemendur kynnist íslenskum og erlendum tónlistarmönnum
- 📖 að nemendur læri ýmsa inni- og útileiki sem fela í sér söng og hreyfingu
- 📖 að nemendur komi fram að minnsta kosti einu sinni á skólaárinu til að sýna afrakstur námsins
- 📖 að nemendur öðlist kjark til að flytja tónlist í hópi og fyrir framan aðra

Kennslutilhögun:

- 📖 nemendur læra gegnum hljóðfæraleik, söng og hreyfingu undir leiðsögn kennara

Námsefni:

- 📖 hljóðfæri kennslustofunnar
- 📖 söngtextar sem kennari útvegar nemendum
- 📖 bækur, hljóðmiðlar og myndmiðlar sem kennari tekur saman eftir þörfum

Námsmat:

- 📖 Kynning á tónlistarmanni eða hljómsveit 10%
- 📖 Virðing og vinnusemi í kennslustundum 30 %
- 📖 Söngur (raddbeiting, lærðir textar, framburður) 20 %
- 📖 Hljóðfæraleikur (beiting og kunnátta) 40 %

Upplýsingamennt

Kennari:

Ingibjörg Jóhannsdóttir

Fjöldi kennslustunda:

Tvær stundir á viku

Markmið:

Nemandi:

- ☞ að ná meiri færni í eftirtöldum yfirþáttum; tæknilæsi, upplýsingalæsi og menningarlæsi.
- ☞ komi reglulega í tölvustofu og á skólasafn
- ☞ temji sér ákveðnar umgengnisreglur í tölvustofum og á skólasafni

Véritun:

Nemandi á að:

- ☞ hafa náð tökum á réttri fingrasetningu á lyklaborð, tileinkað sér blindskrift og rétta líkamsbeitingu
- ☞ á að kunna á alla sérlykla á lyklaborði
- ☞ hafi tileinkað sér innsláttarhraða að lágmarki á 65 slög á mínútu (12,5 orð á mín.).

Tölva:

Nemandi á að:

- ☞ kunna að búa til möppur og nota möppur í tölvum
- ☞ geta geymt eigin upplýsingar á tölvutæku formi með skipulögðum hætti
- ☞ geta leitað á netinu að upplýsingum
- ☞ hafa notað kennsluforrit í öllum greinum sem verkfæri við eigið nám
- ☞ geta ritað texta í ritvinnsluforriti
- ☞ geta unnið heimildaverkefni
- ☞ geta nýtt sér glærugerðarforrit
- ☞ geta leitað á netinu að upplýsingum
- ☞ kunna skil á póst- og samvinnulausnum (Google Apps) með skilvirkni og betri samskipti í huga

Kennslutilhögun:

- ☞ sýnikennsla
- ☞ verkefnavinna
- ☞ sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- ☞ kennsluforrit í tölvum og á veraldarvefnum
- ☞ teikniforritið Paint
- ☞ ritvinnsluforritið Word
- ☞ glærugerðarforritið Power Point
- ☞ siðfræði á Netinu
- ☞ leit á Netinu
- ☞ Google Earth
- ☞ Google Apps

Námsmat:

Vérlitun:

- 📖 hraðapróf í vérlitun tvisvar yfir veturinn; í nóvember og maí
- 📖 nemandi með ranga fingrasetningu er lækkaður um 1 í einkunn.

Upplýsingamennt:

- 📖 Námshegðun: 10%
 - vinnusemi
 - vinnubrögð
 - virðing
- 📖 Verkefnavinna: 90%

Íþróttir

Leikfimi

Kennarar:

- 📖 Einar Einarsson
- 📖 S. Bergþór Magnússon

Fjöldi kennslustunda

Tvær kennslustundir í viku

Markmið:

Nemandi:

- 📖 þjálfist í grófhreyfingum og samsettum hreyfingum
- 📖 þjálfist í flóknum æfingum með tónlist sem viðhalda og bæta samhæfingu
- 📖 taki þátt í ýmsum leikjum og æfingum sem efla líkamsþol, hraða, viðbragð og kraft
- 📖 nái tókum á einföldum dönsum
- 📖 taki þátt í leikjum sem efla markvisst samvinnu innan minni og stærri hópa
- 📖 taki þátt í umræðu um heilbrigðan lífsstíl

Kennslutilhögun:

- 📖 sýnikennsla
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- 📖 áhöld
- 📖 handklæði
- 📖 íþróttaföt

Námsmat:

- 📖 boltagreinar 20%
- 📖 liðleiki og styrkur 20%
- 📖 píptest 10%
- 📖 útihlaup 20%
- 📖 aðrar greinar 10%
- 📖 virkni og virðing 20%

Sund

Kennarar:

Fjöldi kennslustunda

Ein kennslustund í viku

Markmið:

Nemandi á að:

- 📖 þjálfist í æfingum sem viðhalda og bæta samhæfingu hreyfinga
- 📖 þjálfist í fjölbreyttum æfingum sem leggja grunn að bættri færni í bringusundi, skólabaksundi, skriðsundi, baksundi og flugsundi
- 📖 taki þátt í ýmsum æfingum og leikjum sem efla líkamsþol, kraft, hraða og viðbragð
- 📖 tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð, s.s. iðkun æfinga í stöðvaþjálfun
- 📖 þjálfist í fjölbreyttum samvinnuverkefnum, s.s. ýmsum hópleikjum, sundknattleik, boðsundleikjum, ratleikjum og stöðvaþjálfun
- 📖 taki þátt í leikjum og æfingum í vatni og læri að bera virðingu fyrir þörfum og getu annarra

Kennslutilhögun:

- 📖 sýnikennsla
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- 📖 áhöld
- 📖 handklæði
- 📖 sundföt

Námsmat:

- | | |
|------------------------------|-----|
| 📖 verklegt próf (Sundstig 6) | 80% |
| 📖 virkni og virðing | 20% |